

## Samtök eigenda sjávarjarða

Pósthólf 90

780 Höfn í Hornafirði

ses.netlog@gmail.com

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**101 Reykjavík.**  
**nefnasvid@althingi.is**

Höfn í Hornafirði, 1. desember 2019

### **Efni: Athugasemdir SES við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 58/1998**

Samtök eigenda sjávarjarða (hér eftir nefnt „SES) hafa kynnt sér frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 (leyfisveitingar, málsmeðferð, endurupptaka o.fl.), þingskjal 360 – 317. mál, frá forsætisráðherra (stjórnarfrumvarp).

SES gerir miklar og alvarlegar athugasemdir við það frumvarp sem liggur fyrir. Verður hér á eftir gerðar athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins sem heimilar óbyggðanefnd að bæta viðbótarþrepi við málsmeðferð í tengslum við landsvæði utan strandlengju meginlandsins og almenninga stöðuvatna.

### **Almennt um frumvarpið**

Í frumvarpinu er lagðar til 6 breytingar á núverandi lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Ein breytingin snýr að málsmeðferðarreglum óbyggðanefndar í tengslum við úrlausn um landsvæði utan strandlengju meginlandsins, sbr. 5. gr. frumvarpsins. SES telur að eitthvað hafi misfarist við gerð frumvarpsins, því í lagafrumvarpinu er skilgreining á hugtakinu netlög röng. Er ljóst að þau sem komu að gerð frumvarpsins hafi gert misstök þar sem fjallað er um netlög í greinargerð með frumvarpinu, sbr. síðari umfjöllun. Ber að leiðrétta skilgreininguna á netlögum svo frumvarpið geti orðið að lögum.

Það er mat SES að frumvarpið í því formi sem það er núna brýtur í bága við 2. kapítula rekabálks Jónsbókar og 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. umfjöllun hér á eftir. Af framangreindu má ljóst vera að frumvarpið er ekki í samræmi við stjórnarskrá eins og fullyrt er í kafla 4. í greinargerð með frumvarpinu, en þar segja höfundar frumvarpsins að „gætt hefur verið að ákvæðum 70. gr. stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð og 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar við útfærslu á ákvæði um breytta málsmeðferð vegna landsvæða utan strandlengju meginlandsins og almenninga stöðuvatna.“ Eins og rakið verður síðar þá stenst þessi fullyrðing enga skoðun.

SES telur mikilvægt að vandað sé til verka og að breyting á lögum nr. 58/1998 verði ekki til þess að brjóta á stjórnarskrárbundum rétti landeigenda sjávarjarða. SES minnir höfunda frumvarpsins á að framangreint ákvæði 2. kapítula rekabálks Jónsbókar hefur aldrei verið fellt úr gildi og hefur það því fullt gildi í íslenskum rétti. Það er því nauðsynlegt að leiðrétta umfjöllun um 5. gr. framvarpsins er varðar afmörkun netlaga sjávarjarða.

### **Athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins:**

Í 5. gr. segir:

*Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, svohljóðandi:*

*Þegar nefndin tekur landsvæði utan strandlengju meginlandsins til meðferðar er henni heimilt að skora á þá sem kalla til eignarréttinda þar að lýsa réttindum sínum fyrir nefndinni innan tiltekins frests, áður en kröfum ríkisins um þjóðlendur er lýst. Tilkynning um áskorunina skal birt í Lögbirtingablaði og veittur a.m.k. þriggja mánaða frestur til að lýsa réttindum. Eignarréttindi falla ekki niður þótt réttihafar láti hjá líða að lýsa þeim á þessu stigi málsmeðferðarinnar heldur geta þeir eftir sem áður lýst kröfum síðar, sbr. 2. mgr. 10. gr. Að fresti skv. 1. másl. loknum afhendir óbyggðanefnd hlutaðeigandi ráðherra þau erindi sem borist hafa og veitir honum frest, sbr. 1. mgr. 10. gr., til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur. Að öðru leyti fer um málsmeðferð skv. 10. gr.*

*Nefndin getur jafnframt ákveðið málsmeðferð skv. 1. mgr. vegna almenninga stöðuvatna, sbr. lokamálsgrein 10. gr.*

Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu segir m.a. um 5. gr.: „Þá er mælt fyrir um það í 1. mgr. 1. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990, að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær. Skv. 3. mgr. 1. gr. sömu laga, sbr. 1. gr. laga nr. 101/2000, merkir hugtakið netlög í lögumum sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar. Það er einnig í samræmi við skilgreiningu sama hugtaks í öðrum lögum, sbr. t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, 18. mgr. 2. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, og 30. tölul. 3. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006. Af þessu leiðir að allt land innan íslenskrar landhelgi, sem er ofansjávar á stórstraumsfjöru, getur verið andlag eignarréttinda og þá annaðhvort eignarland eða þjóðlenda í skilningi laga nr. 58/1998. Í því tilliti skiptir ekki máli hvort um er að ræða eyjar, sker, hólma, dranga eða aðrar landfræðilegar einingar sem uppfylla framangreind skilyrði. Því er farin sú leið hér að vísa einfaldlega til þessara svæða sem landsvæða utan strandlengju meginlandsins.“

SES gerir verulega athugasemd við framangreinda skilgreiningu á hugtakinu netlög. Af einhverjum ástæðum kjósa höfundar frumvarpsins að fjalla um sumar réttarheimildir íslensks réttar en aðrar ekki. Það vekur furðu að ekki skuli vera fjallað um ákvæði Jónsbókar, einnar áhrifamestu bókar í réttarsögu Íslendinga, þegar kemur að skilgreiningu á hugtakinu netlög.

Í umfjöllun um 5. gr. frumvarpsins segir að miða eigi landamerki sjávarjarða við fjarlægðarreglu eða 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði. Eins og áður segir er þetta alls ekki rétt og ber að

leiðréttu. Um afmörkun netlaga er fjallað um í 2. kapítula rekabálks Jónsbókar og þar eru netlög skilgreind á eftirfarandi hátt:

„En þat eru netlög utast er selnet stendr grunn .XX. möskva djúpt at fjöru ok koma þá upp ór sjá“

Líkt og ráðið verður af orðum ákvæðisins miðast netlög við ákveðna dýpt sjávar en ekki fjarlægð frá landi. Netlög fylgja eyjum og hölmum jafnt og fastalandi, enda séu þeir háðir einkaeignarétti landeiganda. Efnislega má finna sömu reglur í landbrigðapætti Staðarhólsbókar en þar segir: „Allir menn eiga að veitað fyrir utan netlög að ósekju ef vilja. Þar eru netlög yst í sæ er selnt stendur grunn, tuttugu möskva djúpt af landi eða af skeri og komi flár upp at fjöru, þá er þinur stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju ef vill.“ (Grágás II, bls. 514).

SES furðar sig á vinnubrögðum þeirra sem standa að baki frumvarpinu. Í raun er verið að fara gegn gildandi rétti Jónsbókarlaga frá 1281 um dýptarviðmið sem er fjórir faðmar eða 6,88 metrar út frá stórstraumsfjöruborði sem miða skal við og eru enn í fullu gildi. Þetta hljóta höfundar frumvarpsins að vita. Í uppsiglingu er bótalaus eignaupptaka af hálfu ríkisins, sem er með öllu óheimil og kemur sérlega illa við landeigendur sjávarjarða, sérstaklega í og við Breiðafjörð, þar sem munur á flóði og fjöru getur verið allt að 6 metrar þegar stórstreymt er og mælt frá þeirri fjöru út á 6,88 metra dýpi. Ef það er vilji löggjafans að skerða eignarrétt landeigenda í netlögum eða að eigna íslenska ríkinu netlög sjávarjarða almennt þá ber að fara aðrar leiðir en að skilgreina vísitandi rangt hugtök og réttindi landeigenda.

SES vísar til eignarréttar sjávarjarða á netlögum, sem er belti sjávar utan stórstraumsfjöruborðs næst landi. Eignarréttur þessi er friðhelgur, samkvæmt Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Í þessu samhengi er vísað til meðfylgjandi skjals: „**Sjávarjarðir. Fundur með atvinnuveganefnd 31. október 2011**“. Jafnframt er vísað til álits Skúla Magnússonar, sem unnið var að beiðni nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða í september 2001 og ber heitið „Um stjórnskipulega vernd fiskveiðiréttar sjávarjarða“. Í kafla 2.3 sem fjallar um afmörkun netlaga segir Skúli að ákvæði Jónsbókar hafi aldrei verið fellt úr gildi, hvorki að því er varðar fiskveiðirétt í netlögum né skilgreiningu á netlögum sjálfum.“ Þrátt fyrir að ákvæði Jónsbókar hefðu fullt gildi var það mat Einars Arnórssonar að rétt væri að miða ákvörðun netlaga samkvæmt Jónsbók, að því leyti sem hún taldist enn gilda, einnig við 60 faðma í samræmi við veiðitilskipunina frá 1849. Að sögn Skúla hefur þessari skoðun nú verið hnekkt með dómum Hæstaréttar Íslands í dómasafni 1996, bls. 2518, bls. 2525 og bls. 2532.

Á bls. 2520 í dómasafni Hæstaréttar segir þannig eftirfarandi um afmörkun netlaga með hliðsjón af fiskveiðum:

„Með veiðitilskipun 1849 var tekin upp ný afmörkun netlaga á þann veg, að þau skyldu miðast við tiltekna fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Innan þeirra, svo markaðra, skyldi fasteignareigandi einn eiga tilteknar heimildir, sbr. 1. gr. tilskipunarinnar. Með löggjöf eftir það hefur fasteignareigendum ekki með ótvíræðum hætti verið veittur einkaréttur til veiði sjávarfiska í netlögum, sem miðist við fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Ákvæði 2. kapítula rekabálks Jónsbókar um afmörkun netlaga, sem miðast við sjávardýpi, hafa heldur ekki verið felld úr gildi með ákvörðun löggjafans, þótt þau hafi hins vegar ekki verið tekin upp í útgáfu

lagasafns 1919 og eftir það. Alls er óvíst um, hvert sjávardýpi er á þeim stað, er ákærði lagði net sín. Ber með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 að sýkna hann af broti á 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 1849, sbr. 11. gr. sömu tilskipunar.“

**Það er mat Skúla að samkvæmt framangreindum dómi Hæstaréttar sé ótvírætt að við ákvörðun netlaga með hliðsjón af fiskveiðirétti landeiganda ber að miða við dýptarreglu Jónsbókar, en ekki fjarlægðarreglu veiðitilskipunarinnar og síðari laga. Hvað varðar ýmis önnur mikilvæg réttindi landeiganda innan netlaga gildir hins vegar almennt reglan um 115 metra frá stórstraumsfjörumáli, sbr. bls. 7 í álitni Skúla.**

Páll Vídalín lögmaður (1667-1727) segist hafa lesið ýmis Jónsbókarhandrit sem virðast hafa verið frá fyrri hluta 16. aldar. Framangreint ákvæði 2. kapítula rekabálks Jónsbókar hljóðar á einum stað þannig: „Þat eru netlög utarst, er selnet stendur grunn 20 möskva djúp að fjöru“. Í öðru handriti stendur eftirfarandi: „þat eru netlög utaz, er selnót stendur grunn 20 möskva djúp ath fjöru, oc komi þá flár uppúr sjó, þat er fjöggra faðma djúp“.

Af þessu er augljóst að menn á 16. öld höfðu tekið upp hagnýt dýptarmál við ákvörðun netlaga, sem samsvaraði hinu formlega ákvæði Jónsbókar, þ.e. mælt dýptina með lóði. Páll Vídalín lögmaður segir skýrt að þessar 12 álnir eru „þessa dags alin“ og vorra tíma alin“, nánar tiltekið hamborgaralinin, og dýptin þá (57,3 cm x 12 =) 6,88 m. Málfaðmadæmi Páls gefur (57,3 x 13 =) 7,45 m. Í heild þýðir þetta sö ystu mörk netlaga skv. Jónsbók og Grágás er við 7 m dýpi á stórstraumsfjöru.

Að öllu framangreindu virtu er augljóst að miða netlög við dýptarviðmiðið. Skilgreining Páls Vídalín um dýpt selneta annað hvort 4 faðmar eða 12-13 álnir er það viðmið sem á að nota. Þar sem það er á milli 6,88 m og 7,45 m ber að miða við ítrustu mörkin eða 7,45 metra.

Nú er ljóst að mannréttindadómstóll Evrópu lítur svo á að netlög séu eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka mannréttinasáttmála Evrópu. Alþingi ber að virða þennan eignarrétt landeigenda.

Alþingi hefur hvorki umboð né heimild til að ráðstafa eignarrétti sjávarjarða. Alþingi ber að fara að lögum og virða eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og skilgreiningu gildandi réttar um netlög.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka eigenda sjávarjarða

---

Ómar Antonsson, formaður  
s. 892-0944  
[omar@litlahorn.is](mailto:omar@litlahorn.is)

Meðfylgjandi:

1. Sjávarjarðir. Fundur með atvinnuveganefnd 31. október 2011.
2. Auglýsing samtakanna 27. mars 2014.
3. Sjávarútvegsnefnd, bréf dags. 11. júní 2009.
4. Grunnsævið gulls ígildi grein í mbl. 13. apríl 2008.
5. Firðir og flóar eru vagga ..... mbl. Grein 14. desember 2017.
6. Firðir og flóar-búsvæði þorskungviðis. Mbl. 3. janúar 2018.

# Sjávarjarðir

Fundur með Atvinnuveganefnd

31. október 2011

# Samtök eigenda sjávarjarða, SES

- Stofnuð 5. júlí 2001
- Félagar eru um 500
- Fjöldi sjávarjarða er rúmlega 2000
- Fjöldi jarða með heimræði/útræði er u.þ.b 1200
- Markmið samtakanna er:
  - Að fá útræðisrétt sjávarjarða virtan á ný og staðfestan í gildandi lögum um stjórn fiskveiða.
  - Að vinna að því að eignarréttindi sjávarjarða innan netlaga, sem og tiltöluleg eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild, verði virt og í heiðri höfð.

# Hvað eru netlög ?

- Samkvæmt íslenskum lögum eru **netlög** það svæði sjávar sem er í einkaeign eigenda sjávarjarða.
- Í 2. kafla rekabálks Jónsbókar , (1281) stendur:
  - “Sá maðr, er land á, hann á þara allan ok ..... Landeigandi á ....., ok veiðar allar í netlögum ok í fjörunni.
- Í *Tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849*, stendur í 3. gr.  
“Á landi skulu veiði ráða rétt landamerki jarðar hverrar.  
Ef jörð liggur að sjó, á eigandi veiði á haf út, 60 faðma [eða 115 metra] frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans.”
- Í 21. gr. og jafnframt síðustu grein veiðitilskipunarinnar segir:  
„Með þessari tilskipun er allt það af tekið, sem lög hafa verið hingað til um, fuglveiði og dýraveiði og selveiði, **en allar greinir laganna um fiskveiði, sem ekki er breytt í þessari tilskipun, og um kvalveiði skulu fyrst um sinn standa óraskaðar.**“



# Um stærð netlaga.

- Netlög afmarka landamerki sjávarjarða út í sjóinn
  - Í landabrigðisþætti Grágásar (Staðarhólsbókar) segir að „Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða skeri og komi flár upp úr sjánum að fjöru þá er þinur stendur grunn.”
  - Jónsbók segir „En það eru netlög yst er selnót stendur grunn tuttugu möskva djúp að fjöru og komi þá flár upp úr sjó”

Þessu hefur verið sleppt úr Jónsbókartexta núverandi lagasafns (án lagabreytinga).

# Um stærð netlaga, frh.

- Í *Tilskipun um veiði á Íslandi*, 20. júní 1849, segir í 3. gr.
- *Á landi skulu veiði ráða rétt landamerki jarðar hverrar. Ef jörð liggur að sjó, á eigandi veiði á haf út, 60 faðma [eða 115 metra] frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans.*
- Í 21. gr. og jafnframt síðustu grein veiðitilskipunarinnar er þetta nánar útskýrt:
- „Með þessari tilskipun er allt það af tekið, sem lög hafa verið hingað til um fuglveiði og dýraveiði og selveiði, **en allar greinar laganna um fiskveiði, sem ekki er breytt í þessari tilskipun, og um kvalveiði skulu fyrst um sinn standa óraskaðar.**“

Grein nr. 21. í lögnum frá 20. júní 1849 var feld út með lögnum nr. 116/1990.

# Um stærð netlaga, frh.

- Í Þingbókum alþingis frá 1847 til 1849 má lesa umræður þingmanna um frumvarp veiðitilskipunarinnar frá 1849. Þar kemur meðal annars fram mjög skýrt að stuðst er við þýðingu úr dönskum lögum og að danska orðið „Jagt“ vefst fyrir mönnum þar sem það þýðir í Danmörku veiðar á fuglum og dýrum en **ekki fiskum**, en íslenska orðið veiði þýðir allar veiðar þ.e. bæði fugla, dýra og fiskveiðar. Einmitt vegna þessa var ákveðið að bæta við 21. gr. til þess að taka af allan vafa um að veiðitilskipunin frá 20. júní 1849 gildi alls ekki um fiskveiðar í netlögum og að þar sé Jónsbók enn í fullu gildi. Þar með verður stærð netlaga varðandi fiskveiðar að miðast við dýpt.

# Um stærð netlaga, frh.

- Skúli Magnússon lektor við lagadeild Háskóla Íslands vann í september árið 2001 álit að beiðni nefndar um enduskoðun laga um stjórn fiskveiða, um stjórnskipulega vernd fiskveiðiréttar sjávarjarða.

Í álit Skúla á bls. 8 stendur eftirfarandi:

- „Samkvæmt framangreindu er ótvírætt að við ákvörðun netlaga með hliðsjón af fiskveiðirétti landeiganda **ber að miða við dýptarreglu Jónsbókar, en ekki fjarlægðarreglu veiðitilskipunarinnar og síðari laga.** Hvað varðar ýmis önnur mikilvæg réttindi landeiganda innan netlaga gildir hins vegar almennt reglan um 115 metra frá stórstraumsfjörumáli. **Samkvæmt framangreindu ber að afmarka netlög sjávarjarðar með hliðsjón af fiskveiðirétti samkvæmt reglu 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.**”

# Um stærð netlaga frh.

- Fjarlægðarreglan er skýr 60 faðmar (115 metrar) frá stórstraumsfjörumáli.
- Hvað með dýptarviðmiðið?
- Páll Vídalín lögmaður (1667-1727) segist hafa lesið ýmis Jónsbókarhandrit sem virðast hafa verið frá fyrri hluta 16. aldar. Ofangreint ákvæði 2. kafla rekabálks hljóðar á einum stað þannig: „það eru netlög utarst, er selnet stendur grunn 20 möskva djúp að fjöru sjóar, og koma þá flár uppúr sjó, en það er 12 álna djúp að fjöru.“
- Í öðru handriti stendur eftirfarandi: „þat eru netlög utaz, er selnót stendur grunn 20 möskva djúp ath fjöru, oc komi þá flár uppúr sjó, þat er fjöggra faðma djúp.“ Í þessum handritum eru m.ö.o. hagnýt innskot sem segir annars vegar „það er 12 álna að fjöru“ og hins vegar „þat er 4 faðma djúp“. Þar sem þetta er sama dýpt útskýrir Páll mismuninn með að skrifarinn hafi látið sér á sama standa hvort hann sagði „12 álnir“ eða „4 faðmar“.

# Um stærð netlaga frh.

- Páll Vídalín segir að lokum: „Nú bið eg menn taki selanót 20 möskva djúpa, og skal hún gjöra það satt, að 12 álnir vorra tíma sé það djúp, er hún standi grunn; eg hafi það mælt á 5 möskvum og 3ja álna hæð á þurru lopti, og svo á 6 álnum vorum og 10 möskva djúpri nót, og felld svo netið, að möskvinn standi ferskeyttur, sem lagnet eiga að gjöra.”
- Af þessu er augljóst að menn á 16. öld höfðu tekið upp hagnýt dýptarmál við ákvörðun netlaga sem samsvaraði hinu formlega ákvæði Jónsbókar (og Grágásar), þ.e. mælt dýptina með lóði. Páll lögmaður segir skýrt að þessar 12 álnir eru „þessa dags alin“ og „vorra tíma alin“, nánar tiltekið hamborgaralínin, og dýptin þá  $(57,3 \text{ cm} \times 12 =)$  **6,88 m**. Málfaðmadæmi Páls gefur  $(57,3 \times 13 =)$  **7,45 m**. Í heild þýðir þetta þó að ystu mörk netlaga skv. Jónsbók og Grágás er við 7 m dýpi á stórstraumsfjöru. (*Dr. Ole Lindquist, 9. mars 2009*).

# Um stærð netlaga frh.


- **Niðurstaða.**
  - Eftir stendur að augljóst er að miða á fiskveiðar í netlögum við dýptarviðmiðið. Skilgreining Páls Vídalín um dýpt selneta annað hvort 4 faðmar eða 12-13 álnir er það viðmið sem á að nota. Þar sem það er á milli 6,88 m og 7,45 m ber að miða við ítrustu mörkin eða 7,45 metra þegar verið er að skipuleggja strandsvæði með tilliti til notkunar, þannig að það skarist ekki á við eignarrétt sjávarjarða.



# Arnarfjörður 10 m dýpislína og netlög - drög

Þetta kort er unnið af sjómælingasvið Landhelgisgæslu Íslands, upp úr gögnum frá þeim, ásamt gögnum frá Hafrannsóknarstofnun. Strandlína er fengin frá Landmælingum Íslands. Kortið sýnir 10 m jafndýptarlínu í Arnarfirði ásamt línu sem dregin er u.þ.b. 115 m frá strandlínu. NBF/ÁPV 06.10. 2012

Blár flötur: 0 - 10 m dýpi  
Ljósblá lína: 10 m jafndýptarlína  
Dökkblá lína: Áætluð 10 m jafndýptarlína  
Rauð lína: U.þ.b. 115 m frá dreginni strandlínu.






Tedkastökin Eik ehf.

Skuldbreyta 13, 4024 Kópavágur  
Sími 472 4000, www.tedkastoken.is



|  |                |
|--|----------------|
|  | Landinn        |
|  | Skjalteygumenn |
|  | Skjalteygumenn |
|  | Skjalteygumenn |
|  | Skjalteygumenn |
|  | Skjalteygumenn |
|  | Skjalteygumenn |
|  | Skjalteygumenn |
|  | Skjalteygumenn |
|  | Skjalteygumenn |
|  | Skjalteygumenn |
|  | Skjalteygumenn |



# Staðreyndir

- Eignarréttur sjávarjarða er stjórnarskrárvarinn.
- Alþingismenn hafa svarið eið að stjórnarskránni og þar með um leið að eignarrétti sjávarjarða.
- Mannréttindadómstóll Evrópu segir í áliti sínu um málið 2. des. 2008: *„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1“.*
- Eiríkur Tómasson, prófessor í lögum við Háskóla Íslands sagði í svari við spurningu formanns nefndar um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu: *Formaður (Guðbjartur Hannesson) spyr (7. fundur, 19. febrúar 2010): hvernig langtímaafnotaréttur hefur verið skilgreindur og hvort hugmyndir úr annarri auðlindalöggjöf séu yfirfæranlegar á fiskveiðilöggjöfina m.t.t. afnotaréttar. Eiríkur Tómasson sagði netlög skapa eignarrétt, en ríkið má samt sem áður setja skilyrði um veiðar innan þeirra. Ef þessi réttur yrði innkallaður til ríkisins þyrfti að greiða fullt verð fyrir.*

# Staðreyndir, frh.

- Samkvæmt skilgreiningum eignarréttarsérfræðinga, m.a. Gauks Jörundssonar, fyrrverandi dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, kemur fram að vatn (sjór) sem yfir landi liggur telst til fasteignarinnar og er því sjórinn í netlögum eign viðkomandi jarðar. Vatn og sjór (þ.m.t. lífríkið) er á hreyfingu milli innra og ytra svæðis og því er um óskipta sameign að ræða.

# Staðreyndir, frh.

- LÍÚ og Landsamband smábátæigenda fá hvort um sig um 40 miljónir króna á ári úr ríkissjóði. Þetta framlag fá þeir samkvæmt 24 ára gömlum lögum þó svo að þeir eigi ekkert í auðlindinni. Samtök eigenda sjávarjarða fá ekkert framlag úr ríkissjóði þó svo að þeir eigi hlutdeild í auðlindinni.
- Auk þess er öðrum heimilað að nota eignina en eigendunum sjálfum bannað að nota hana.
- Eigendur sjávarjarða hafa í yfir 20 ár barist málefnalega fyrir réttindum sínum fyrir daufum eyrum yfirvalda, sem jafna má við valdniðslu.
- Það verður ekki hægt að skipuleggja strandsvæði Íslands án aðkomu og samvinnu við eigendur sjávarjarða.

# Tillaga SES að lausn

- Að 10 metra dýptarlínan á sjókortum Landmælinga Íslands verði notuð sem viðmiðun dýptarákvæðis Jónsbókar og þar með sem landamerki jarða til sjávarins. (10 m er meðaldýpi)
- Að heimræði/útræði verði virtur eignarréttur og heimilað að nýta hann að nýju.
  - Stærð báta og útbúnaður ákveðinn í samráði við SES.
  - Veiðitímabil og fjöldi manna við veiðarnar verði ákveðið í samráði við SES.
- Að 2% af aflaverðmæti þessara veiða renni til SES.
- Að sjávarjarðir, sem löglegir eigendur að sjávarauðlindinni fái hlutdeild í auðlindagjaldi.
- Að SES fái sambærilegann styrk og LÍÚ og Landssamband smábátaeigenda, til að reka sín mál.



# Takk fyrir

## Auglýsing um einkaeign á hafsvæðinu í netlögum og að sjávarjörðum fylgir eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild

Með vísan til meginreglna íslensks réttar um réttaráhrif friðlýsinga og lögfestna, sbr. m.a. 16. og 17. kap. landleigubálks Jónsbókar, og með vísan til samkvæmrar dómiðkunar frá ómunatíð og neðangreindra tilvitnana í sett lög, þá **kunngjörast hér með og tilkynnist:**

- Eigendur sjávarjarða eiga eignarréttarlega hlutdeild í sjávarauðlindinni og beinan eignarrétt að fiskveiði í netlögum sem er varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar.
- Eigendur sjávarjarða eiga ítaksrétt til veiða í fiskhelgi utan netlaga og á hefðbundnum miðum, sem jafna má til afréttarréttinda og er því eignarréttarlegs eðlis og varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt opinberri skýrslu stjórnvalda eiga nokkrar jarðir ákveðin fiskimið, sbr. t.d. skýrslu stjórnarerindrekans Ólafs Olavíusar 1776.
- Útræði/heimræði og útræðisréttur, er einnig varinn af 75. gr. stjórnarskrár, enda jafnframt atvinnuréttarlegs eðlis.
- Sjórin og sjávarbotninn í netlögum er víða mikilvæg uppeldisstöð og þar er oft mikil fiskgengd. Lífríkið og sjórin innan og utan netlaga er ein hreyfanleg og óskipt heild. Þetta staðfestir séreignarhlutdeild sjávarjarða í sameign íslensku þjóðarinnar sem nefnd er í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Lagalega meginreglan er sú að þar sem séreignarrétti þjóðarinnar eða ríkisins sleppir til sjávarauðlindarinnar tekur við eignarréttur sjávarjarða.

Sjávarjarðir á Íslandi eiga og hafa frá ómunatíð átt hlutdeild í sjávarauðlindinni. Eignarhlutdeild þessi byggist í fyrsta lagi á netlögum, sem er ákveðið svæði í einkaeign í sjó út af landi (samanber meðal annars 3. kapítula rekabálks Jónsbókar frá 1281, 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 1. gr. laga nr. 39/1914 um beitutekju, 4. og 5. gr. vatnalaga nr. 15/1923, 14., 72., 77., og 96. gr. laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði, 1. og 2. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, 1. gr. laga nr. 64/1994 um fuglaveiðar, 1. og 2. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og 1. gr. laga nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis). Í öðru lagi eiga sjávarjarðir fornan atvinnurétt, svokallað útræði/heimræði, sem metið hefur verið í fasteignamati og einnig hvalveiðiréttindi. **Eigendur netlaga eru hluti íslensku þjóðarinnar. Samkvæmt lögum eru nytjastofnar í netlögum á Íslandsmiðum eign þess hluta þjóðarinnar sem á netlög.**

Fiskveiðilandhelgi Íslands, sem miðast út frá landi, víðast út frá landi sem er í einkaeign, nær einnig yfir netlög og er því þessi séreignarréttur hluti af landhelginni, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi Íslands. Þessi réttur sjávarjarða hefur ólöglega verið afhentur öðrum til nýtingar. Hafið og lífríkið í netlögum, ásamt öllum gögnum og gæðum, fylgir sjávarjörðum og er eign eigenda sjávarjarða. Einn frjósamasti hluti hafsis er í

netlögum og er lífríkið ásamt sjónum sjálfum á hreyfingu milli netlaga í einkaeign og ytra svæðis þar sem ríkið fer með umráð. Auðlindin er því óskipt sameign. Geta má í þessu sambandi um tvær sjónvarpsmyndir eftir Dr David Attenborough, sem heita “The blue planet” (Hafið bláa hafið-Með ströndum fram). Þær sýna hversu mikilvægt grunnsævið (netlög) er fyrir lífríkið í hafinu.

Vísað er til þess, að með lögum um stjórn fiskveiða hefur eigendum sjávarjarða verið einhliða meinað að nýta þessa eign sína, án þess að fullt verð hafi komið fyrir, samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar og án þess að friðunarástæður eða önnur haldbær lagarök fyrir takmörkun eignarréttinda séu fyrir hendi.

Vísað er í það sem haft er eftir Eiríki Tómassyni, prófessor í lögum við Háskóla Íslands (sem nú er hæstaréttardómari) á 7. fundi nefndar um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu, 19. febrúar 2010:

**„Fram kom að eigendur sjávarjarða hafa réttinda að gæta. ET sagði netlög skapa eignarrétt, en ríkið má samt sem áður setja skilyrði um veiðar innan þeirra. Ef þessi réttur yrði innkallaður til ríkisins þyrfti að greiða bætur fyrir“.**

Ennfremur er vísað í skilgreiningar eignarréttarsérfræðinga, m.a. Gauks Jörundssonar, fyrrverandi dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, þar sem kemur fram að **vatn (sjór) sem yfir landi liggur telst til fasteignarinnar og er því sjórin í netlögum eign viðkomandi jarðar.**

Nýlega hefur European Court of Human Rights komið með eftirfarandi álit sitt í úrskurði, í málinu nr. 40169/05, dags. 2 December 2008, um eignarrétt sjávarjarða í sjávarauðlindinni:

3. The Courts’ assessment

**“Moreover, the Court finds that the applicant’s right to engage in fishing in the net zone adjacent to the coastal property in question constituted a “possession” within the meaning of Article 1 of protocol No. 1”.**

Álit þetta er bindandi og því verður ekki breytt af íslenskum stjórnvöldum eða dómstólum.

Fyrirgreindur eignarréttur er friðhelgur og stjórnarskrárvarinn. Alþingismenn hafa unnið drengskaparheit að eignarréttarákvæði stjórnarskrár Íslands.

Reykjavík, 27. mars 2014.

Samtök eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður



**Samtök eigenda sjávarjarða.  
Pósthólf 90,  
780 Hornafirði.**

Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið,  
Sjávarútvegsnefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 11. júní 2009.

**Málefni:** Athugasemdir Samtaka eigenda sjávarjarða við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009).

Ég undirritaður, formaður Samtaka eigenda sjávarjarða, vísa í samtal mitt við Gaut Sturluson, lögfræðing nefndarsviðs og tölvupóst hans 9. júní 2009.

**Formáli:**

Hinn 5. júlí 2001 voru Samtök eigenda sjávarjarða stofnuð á fundi sem haldinn var í Reykjavík. Félagar í SES eru um 400. Jarðir með skráðan útræðisrétt eru rúmlega 1.000. Heildarfjöldi jarða sem eiga land að sjó eru taldar vera 2.240.

*Markmið Samtakanna er eftirfarandi:*

- Að fá útræðisrétt sjávarjarða virtan á ný og staðfestan í lögum um stjórn fiskveiða.
- Að vinna að því að eignarréttindi sjávarjarða innan netlaga, sem og tiltöluleg eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild, verði virt og í heiðri höfð.

Frá því að Samtökin voru stofnuð hafa ofangreind markmið ítrekað verið kynnt á opinberum vettvangi.

Nú liggur fyrir að stefnumál Samtakanna hafa ekki fengið framgang við hefðbundna umræðu við lagasetningu á Alþingi þegar lög um stjórn fiskveiða hafa verið endurskoðuð.

Í nýlegu álit Mannréttindadómstóls Evrópu, í máli grásleppubónda, kemur eftirfarandi fram: *“Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi myndað “eign” í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1”* (undirstrikun bréfitara). Refsimál þetta er sérmál grásleppubóndans en er ekki mál sjávarjarða í heild.

Hluti auðlindarinnar, svo nefnd netlög eru í einkaeign, samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu. Sjór, dýralíf og plöntulíf er á ferð milli netlaga og ytra svæðis og er því sjávarauðlindin óskipt og á flakki. Eigendur sjávarjarða eru meðeigendur að sjávarauðlindinni og eigendur eins mikilvægasta hluta hennar, þ.e. grunnsævisins næst landi.

Samtök eigenda sjávarjarða eru fjölmenn hagsmunasamtök um sjávarauðlindina, auk þess sem stefnumál þeirra er stærsta og umfangsmesta byggða- og réttlætismál síðari tíma.

Samtökin eru með heimasíðu. Slóðin er: [www.ses.is](http://www.ses.is)

**Athugasemdir við frumvarpið:**

Samkvæmt skilgreiningu í Lögbokin þín eftir Björn Þ. Guðmundsson, prófessor í lögum, þá eru netlög eftirfarandi: "Netlög nefnist ákveðið belti meðfram landi í sjó og vötnum sem tiltekin eignarréttindi eru bundin við. Netlög eru talin falla undir eignarrétt eiganda → *landareignar*". Ennfremur er vísað í meðfylgjandi auglýsingu frá 3. október 2003.

Misjafnt er hvernig þetta belti í sjó er skilgreint. Annars vegar er um að ræða netlög 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði þar sem aðdjúpt er og hins vegar netlög út á dýpi 20 möskva selnótar eða út á 7,45 metra dýpi út frá stórstraumsfjöruborði þar sem grunnsævi er meira (skýringar Páls Vídalín, lögmanns 1667-1727).

Eins og kemur fram í formála, þá er sjórinn, dýralíf og plöntulíf á ferð milli netlaga og ytra svæðis. Engin bein skil eru á milli þessara svæða. Sjávarauðlindin er því óskipt sameign. Í því sambandi mætti vísa í svonefnda deilistofna, flökkustofna, sem eru á ferð milli svæða og semja þarf um.

Tveir sjávarlíffræðingar við Háskóla Íslands og Hafrannsóknarstofnun segja eftirfarandi í grein sinni í Morgunblaðinu 13. apríl 2008: "*Grunnsævið gulls ígildi. Færa má rök fyrir því að grunnu hafsvæðin við Ísland séu ein mikilvægasta auðlind þjóðarinnar. Þar er vagga fjölmargra nytjastofna og þaðan streyma nýliðarnir út á miðin. Meðal annars hafa réttindi sjávarjarða verið í umræðunni*". Svo segir: "*Grunnsævið í kringum Ísland (grynnra en 50 m) gegnir veigamiklu hlutverki sem uppeldisslód fyrir okkar helstu nytjafiska*". Fleiri vísindamenn taka í sama streng svo sem dr. Veerle Vanderweeld, framkvæmdastjóri alheimsáætlunar um varnir gegn mengun hafsins frá landi, en hún segir í viðtali í Morgunblaðinu 27. október 2000: "*Skilgreind strandsvæði eru einnig hýbýli 90% fiska og skeldýra*". Vísað er í viðtal við dr. Kenneth Sherman, forstjóra Narragansett hafrannsóknarstofnunarinnar á Rhode Island í Fréttablaðinu 31. janúar 2002 en hann segir m.a.: "*Vistkerfi óháð landamærum og efnahagslögsögu. Hann vísar í strandsvæði, frá árkerfum að landgrunnsörkum og ytri örökum helstu straumkerfa. Tvö eða fleiri samliggjandi lönd deila oft eina og sama vistkerfinu*". Höfðað er til hlutdeildar í deilistofnum. Vísað er í viðtal í Morgunblaðinu 4. júlí 2005 við dr. Kathy Sullivan, geimfara og könnuð í Explorers Club, en hún segir: "*Strandsvæðin skipta miklu máli fyrir fiskveiðar og eru mikilvægar fiskuppeldisstöðvar. Umhverfisgæði almennt taka mið af ástandi strandsvæðanna sem eru lungu og lífur jarðarinnar*". Að lokum ber að nefna í þessu sambandi tvo þætti dr. David Attenboroughs "*Hafið bláa hafið*" en þeir voru sýndir í íslenska sjónvarpinu 16. og 23. nóvember 2003. Þættir 7 og 8 fjalla um strandsvæði sem má segja að hér á landi séu oft nefnd netlög. Þættirnir skýra vel hversu mikilvæg netlögin eru. Hversu fjölskrúðugt dýra- og plöntulíf er á strandsvæðunum og hvað það er mikilvægt fyrir lífið utar í hafinu.

Landhelgi er skilgreind út frá landi og eru því netlög í landhelgi Íslands og innan auðlindalögsögunnar.

Nú er ljóst að mannréttindadómstóll Evrópu lítur svo á að netlög séu eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Alþingi getur því ekki lengur hundsáð þennan eignarrétt og ber að virða hann.

Alþingi hefur ekki umboð eða heimildir til að ráðstafa þessum eignarrétti sjávarjarða. Alþingi ber að fara að lögum sem það hefur sjálf sett svo sem eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og fleiri lögum um netlög.

Lagt hefur verið fram frumvarp sem nefnt hefur verið frumvarp um strandveiðar. Sjávarströndin og netlögin þar fram undan er víða í einkaeign. Það er alít eigenda sjávarjarða að Alþingi geti ekki sett lög um stjórn fiskveiða er varðar strandveiðar og ráðstöfun á auðlindinni án þess að meðeigendur að henni séu hafðir með í ráðum. Annað væri fádæma yfirgangur og sæmir ekki Alþingi.

Það er krafa eigenda sjávarjarða, sem meðeigenda að óskiptri sjávarauðlindinni, að þeir verði hafðir með í ráðum með lagasetningu er tengist sjávarauðlindinni og sérstaklega þegar um er að ræða lagasetningu sem tengist strandsvæðum.

Óskað er eftir fundi með sjávarútvegsnefnd Alþingis um þessi mál sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,  
Samtök eigenda sjávarjarða.

---

Ómar Antonsson, formaður.

**Meðfylgjandi er til upplýsinga:**

1. Auglýsing, dags. 3. október 2003 er skilgreinir rétt og eign sjávarjarða í auðlindinni samkvæmt íslenskum lögum.
2. Bréf, dags. 7. nóvember 2002 til Dr. Franz Fischlers, ráðherra Evrópusambandsins.

## Grunnsævið gulls ígildi?

**Kortleggja þarf grunnsævið vandlega og meta verðmæti þess segja Jónas Páll Jónasson og Björn Gunnarsson**

*“Grunnsævið í kringum Ísland (grynnra en 50 m) gegnir veigamiklu hlutverki sem uppeldisslóð fyrir marga okkar helstu nytjafiska.”*

FÆRA má rök fyrir því að grunnu hafsvæðin við Ísland séu ein mikilvægasta auðlind þjóðarinnar. Þar er vagga fjölmargra nytjastofna og þaðan streyma nýliðarnir út á miðin. Töluvert hefur verið fjallað um grunnsævið upp á síðkastið. Meðal annars hafa réttindi sjávarjarða verið í umræðunni; kolefnisbinding leira hefur borið á góma en einnig hefur verið rætt um landfyllingar, þveranir fjarða og efnistöku úr sjó. Langar okkur aðeins að minnst á nokkra þætti varðandi síðastnefndu atriðin.

### Uppeldisslóðir nytjafiska

Grunnsævið í kringum Ísland (grynnra en 50 m) gegnir veigamiklu hlutverki sem uppeldisslóð fyrir marga okkar helstu nytjafiska. Þó er breytilegt á hvaða dýpi og á hvaða búsvæðum tegundirnar halda sig. Þorskur heldur sig til dæmis á grunnslóð fyrstu æviárin en leitar á dýpra vatn þegar hann nálgast kynþroska. Skarkoli heldur sig á sandbotni ofarlega í fjörunni fyrstu árin en frændi hans sandkolinn liggur nokkru neðar í fjörunni. Þaraskógarnir eru á grunnsævi og mynda oft á tíðum miklar breiður sem innihalda gifurlegan lífmassa og eru skjól fyrir margar fisktegundir. Þá binda þaraskógar og leirur gríðarmikið kolefni en slíkt er núorðið metið til fjár.

### Röskun búsvæða

Þegar sótt er um leyfi til þverunar fjarða, efnistöku eða uppfyllinga fer fram ferli sem getur endað í umhverfismati og ræðst það meðal annars af stærð svæðanna. Þá er til dæmis skoðuð botngerð, lífverusamfélög metin og athugað hvort svæðið sé mikilvægt í ljósi nytja eða hafi verndargildi. Hingað til hafa áhrif slíkra framkvæmda á nytjastofna verið talin frekar lítil. Oft er um frekar afmörkuð svæði að ræða þegar horft er til efnistöku eða landfyllingar í sjó en þveranir geta haft áhrif á töluvert stærri svæði. Við efnistöku er sandi eða mól er dælt upp og efnið nýtt í uppfyllingar eða við framkvæmdir uppi á landi. Við það myndast gryfjur og tilfærsla á efni á sér stað sem flókið er að spá um. Hingað til hefur slíkt rask verið talið það lítið að það skipti ekki máli þegar horft er til stærðar alls grunnsævisins í kringum Ísland.

### Verðmæti grunnsævis

Hafrannsóknir við Ísland hafa hingað til einkum beinst að landgrunninu þar

sem m.a. fást upplýsingar um stærð og samspil nytjastofna. Hins vegar hefur verið stefnt að því um nokkurt skeið að auka vægi rannsókna á fjörðum og öðru grunnsævi. Nýjar rannsóknir Johans Stål og félaga í Svíþjóð hafa sýnt mikilvægi grunnsævis þar við land

(<http://www.ub.gu.se/sok/dissdatabas/detaljvy.xml?id=7022>). Í ritgerðinni var meðal annars lagt mat á framlegð uppeldissvæða. Hluti rannsóknarinnar beindist að samspili nytjafiska við ákveðin búsvæði og fólst í því að meta hversu háðar tegundirnar eru ákveðnu búsvæði. Þorskur sýndi tryggð við svæði sem bæði einkenndust af marhálm og þaraskógi en fannst síður á sendnum botni. Niðurstöður voru einkar áhugaverðar hvað varðar skarkolann (rauðsprettu) og sýndu fram á sterk tengsl hans fyrstu tvö árin við sendinn botn á grunnsævi. Johan og félagar mátu það svo að eins ferkílómetra aukning af sendnum botni á 0-10 m dýpi við vesturströnd Svíþjóðar gæfi af sér aukin aflaverðmæti upp á um 3-3,5 milljarða króna (300-360 milljónir SEK) þegar horft var fram til 55 ára. Í þessu tilfalli myndi gróðinn reyndar að miklu leyti færast yfir Eyrarsund þar sem veiðislóðin liggur einkum í landhelgi Dana. **Hérlandis hefur slíkt mat ekki farið fram en víst er að verðmæti sendins botns á grunnsævi er verulegt.** Unnið hefur verið að því um nokkurt skeið að kortleggja útbreiðslu ungvíðis skarkola í fjörum við Ísland. Þéttleiki skarkola í einstaka fjörum við Ísland er á við það sem gerist hæst í Evrópu en **það gefur til kynna frjósemi grunnsævisins við Ísland þrátt fyrir norðlæga legu.** Fyrir liggur að kortleggja þarf grunnsævið vandlega, meta þarf verðmæti þess og gæta þess að halda raski í lágmarki. Með aukinni byggð og vegabótum eykst eftirspurn eftir strandsvæðum og ágangur á grunnsævi og því er nauðsynlegt að efla rannsóknir enn frekar svo unnt sé að stýra framkvæmdum skynsamlega.

Höfundar eru sjávarlíffræðingar við Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnunina.

# Firðir og flóar eru vaggga helstu nytjastofnanna

Mikilvægt er að haga framkvæmdum þannig að áhrif á búsvæði smáfiska verði sem allra minnst og þar sem mikil verðmæti eru í húfi er edlilegt að lágmarka vistfræðileg áhrif framkvæmda, jafnvel þótt það leiði til verulega aukins kostnaðar.

Grunnsævi og fjörur við Ísland gegna veigamiklu hlutverki sem uppeldisstöð fyrir marga okkar helstu nytjafiska<sup>1,2,3,4</sup>. Stofnstærð margra flatfiska er í beinu hlutfalli við flatarmál á heppilegu búsvæði (t.d. sendinn botn á tilteknu dýpi) fyrir ungvíði<sup>5,6,7</sup>. Hið sama gildir um fleiri tegundir t.d. og ufsa og þorsk<sup>8</sup> þó að sambandið sé ekki eins sterkt þar sem ungvíði þeirra nýtur fjölbreyttari búsvæði. Af þessum sökum hafa fjölmargir vísindamenn hvatt til þess að varlega sé farið í að hrófla við mikilvægum búsvæðum fyrir ungvíði<sup>6,9,10</sup>.

Ein forsenda fyrir því að koma á vistfræðilegri nálgun við stjórn fiskveiða er að bera kennsl á, varðveita og endurreisa mikilvæg búsvæði nytjastofna<sup>11</sup>. Árið 1996 voru sett lög í Bandaríkjunum til verndar hafsvæðum og botngerðum sem nauðsynlegar eru fyrir hrygningu, fæðuöflun og vöxt fiska fram að kynþroska. Verndun slíkra svæða er hluti af sjálfbærri nýtingu fiskistofna<sup>12</sup>. Í kjölfarið hafa mikilvæg búsvæði fyrir margar nytjategundir í Norðvestur-Atlantshafi verið skilgreind<sup>13</sup>. Í

framtíðinni er líklegt að krafa um vistfræðilega nálgun við stjórnun fiskveiða verði hluti af vottun um sjálfbæra nýtingu.

Athafnir mannsins, aðrar en fiskveiðar, geta haft áhrif á gæði og stærð búsvæða fiska, t.d. dýpkunarframkvæmdir, efnisnám, kalkþörunganáms, stíflun áa, þang- og þarasláttur, uppfyllingar, vegagerð, hafnargerð og bygging mannvirkja tengd þeim og sjókvíaelði.

● Efnistaka úr sjó felst í að deila upp sandfláum og malarhjólum sem geta verið nauðsynleg búsvæði fiskungviðis, sérstaklega flatfiska og jafnvel sandsilis. Hefur efnistaka úr sjó hér við land einkum átt sér stað í Faxaflóa.

● Þang og þarasláttur beinist að mjög mikilvægu búsvæði fyrir smáþorsk og fleiri tegundir. Nýleg rannsókn frá Vestur-Noregi sýndi að þorskeiðum (< 15 cm) á svæði þar sem þari hafði nýlega verið slegin, fækkaði um 92% og staðan var óbreytt að ári líðnu<sup>14</sup>.

● Í vegagerð hefur þverun fjarða mest áhrif þegar fjörður er þverður



Ljósmynd/ Erlendur Bogason, kafari

## Mikilvæg búsvæði Þorskeiði á fyrsta ári á kalkþörungasvæði.

utarlega með fyllingum og einni brú, oftast í miðjunni. Þverun fjarðar getur haft áhrif á strauma inni í firðinum sem aftur getur leitt af sér breytingar í botngerð. Í flestum fjörðum er rangsælis hringstraumur sem hverfur við þverunina og mikill straumur undir brú hefur áhrif á aðgengi eggja, lírfa og smáfisks að firðinum. Getur til- tölulega stutt þverun haft áhrif á töluvert mikið flatarmál af grunnsævi ef fjörðurinn er langur.

● Kalkþörungasvæði eru afar sérstök og mikilvæg uppeldis- og búsvæði fjölmargra fisktegunda og annarra lífvera. Svæðin hafa nú verið fríð með ströndum Evrópu, nema hér við land. Kalkþörungavinnsla á sér nú þegar stað í Arnarfirði og enn frekari vinnsla er fyrirhugað í Ísa-fjarðardjúpi.

● Aðaláhrif fiskeldis eru áhrif úrgangs á lífríki undir sjókvíum og í næsta nágrenni. Það ræðst svo að miklu leyti af dýpi, straumum og botngerðinni sjálfri hversu víðtæk og langdregin áhrifin verða. Til viðbótar koma áhrif erlðamengunar og lyfjagjafar (fúkkalyf, lyf gegn laxalís). Lyfjagjöf gegn laxalís hefur áhrif á öll krabbadyr, stór og smá, og getur hún þar með haft áhrif á fæðuframbod fiskungviðis. Undanfarnir misseri hefur átt sér töluverð uppbygging á fiskeldi í kvíum á Vestfjörðum og Austfjörðum og í náninni framtíð eru uppi hugmyndir um stórfellda uppbyggingu sjókvíaeldis á þessum svæðum.

Erfitt er að meta áhrif framkvæmda á lífríki fyrirfram. Mikilvægt að fram fari umfangsmiklar rannsóknir á fyrirhugaðu framkvæmdasvæði og hugsanlegu áhrifasvæði. Frá 1961 hafa 13 firðir við Ísland verið þverðir með einum eða öðrum hætti. Í flestum tilvikum fóru fram litlar eða engar rannsóknir á botngerð og lífríki þessara fjarða fyrir þverun og engar með tilliti til búsvæða fiskungviðis, þannig að ekki er hægt að meta hugsanleg áhrif þeirra á búsvæði fiskungviðis. Á næstu árum er fyrirhugað að þvera Þorskafljórd, Djúpafljórd og Guðufjörð í Austur-Barðarstrandarsýslu vegna lagningar Vestfjarðavegar milli Bjarkalundar og Eyrar. Þar hefur Hafnannsóknastofnun einungis framkvæmt tvær takmarkaðar forathugunir á lífríki þessara fjarða með tilliti til búsvæða fiskungviðis.

Hafnannsóknastofnun hefur verið falið að áætla burðarþol einstakra fjarða vegna sjókvíaeldis. Burðarþolið byggist hinsvegar á straum- og sár- efnismælingum og lýtur eingöngu að mati á vatnsgæðum en framkvæmdaáðilum er látið eftir að fylgjast með áhrifum á lífríki. Varðandi áhrif fiskeldis er hægt að hafa reynslu Norðmanna til hljóðsónar. Á fundi sem sjávarútvegsráðuneytið og Hafnannsóknastofnunin efndu til í Reykjavík 27. september 2017 kom fram í máli dr. Geir Lasse Taranger, frá norsku Hafnannsóknastofnuninni, að í dag er laxalís helsta vandamálið í norsku eldi. Áhrif sjókvíaeldis á búsvæði fiskungviðis hafa hins vegar lítið sem ekkert verið rannsökuð<sup>15</sup>. Stofnar fjarðarþorsksins í Noregi



Björn Gunnarsson

Höskuldur Björnsson

(kysttorsk) hafa verið í slæmu ásigkomulagi í mörg ár en ástæðurnar fyrir því eru óþekktar. Barentshafþorskurinn, sem er langmikilvægasti veiðistofn Norðmanna, elst upp úti á landgrunnum.

Mikilvægt er að haga framkvæmdum þannig að áhrif á búsvæði smáfiska verði sem allra minnst og þar sem mikil verðmæti eru í húfi (sjá rannmagrein) er edlilegt að lágmarka vistfræðileg áhrif framkvæmda, jafnvel þó að það leiði til verulega aukins kostnaðar.

● Við þverun fjarða þarf að gæta þess að brýr séu nægilega margar og stórar til að straumakerfi fjarðanna raskist ekki og þar með aðgengi fiskungviðis og náttúruleg botngerð fjarðanna. Þá setti jafnframt að skoða aðrar leiðir, svo sem gangagerð.

● Sjókvíar þarf að staðsetja í öruggri fjarlægð frá mikilvægum búsvæðum smáfisks, eins þang- og þarasláttum, sandfjörum og kalkþörungasvæðum. Einnig er mikilvægt að hafa kvíar í útstreymi úr firði. Mjög mikilvægt að setja fram kröfur varðandi lyfjanotkun en lyf gegn laxalís hafa neikvæð umhverfisáhrif. Efnin sem notuð eru í baráttu við lúsina eru engan veginn sértæk og hafa því haft áhrif á öll krabbadyr sem fyrir þeim verða, þar með talið, smá krabbadyr sem eru mikilvæg fæða fiskungviðis inni á fjörðum og flóum. Þá hefur verið bent á hugsanleg áhrif efnanna á rækjastofna innfjarða.

● Við þang- og þaraslátt hefur verið reynt að taka tillit til endurnýjunar svæðanna og ber að halda þeirri vinnu áfram. Mat á því hve miklu af svæðum hefur verið raskað á hverjum tíma þarf að leggja fyrir en forsendan fyrir slíku mati er heildarkortlagning þessara svæða.

● Kalkþörungur eru mikilvæg búsvæði fiskungviðis. Endurnýjun svæðanna er mjög hæð og hleypur á árum og áratugum og því erfitt að réttlæta vinnslu.

Skilgreining og kortlagning á grunnsævinu er aðkallandi verkefni sem er mjög skammt á veg komið hér við land. Með slíkri kortlagningu strauma, botngerða og lífríks, væri lagður traustur grunnur að skipulagi, áhættumati, nýtingu og verndun. Kortlagning er tímafrek og kostnaðarsöm, sérstaklega athuganir á magni seða sem er mjög breytilegt milli ára og árstíma.

Varðarnálgun felur í sér að þegar skortur er á þekkingu á lífríkinu ber að fara varlega í að hrófla við náttúrulegu ástandi. Grunnþekking til að meta áhrif fjölmargra fyrirhugaðra framkvæmda á hugsanlega mikilvæg-

## Uppeldis- svæði fiska

Uppeldissvæði fiska eru fjölbreytt og ólík eftir fisktegundum. Sumar tegundir alast nær eingöngu upp á grunnslóð, t.d. flestar flatfiskategundir og ufsi meðan aðrar tegundir finnast bæði á grunnslóð og dýpra vatni t.d. ýsa og þorskur. Á grunnslóð halda þorskeiði sig gjarnan í marhálmi og þarskógum meðan skarrolaseiði eru einkum á sendnum botni. Í Svíþjóð hefur verið reynt að meta efnahagslegt mikilvægi grunnsævið en vestrúnd Svíþjóðar var kortlögð með tilliti til ólíkra botngerða og flatarmál mikilvægra búsvæða þar áætlað. Í rannsókninni var meðal annars lagt mat á framlegð uppeldissvæða og hve háðar tegundirnar eru ákveðinni botngerð. Þorskur sýndi eins og hér við land tryggð við svæði sem einkenndust af marhálmi og þarskógum en fannst stóru á sendnum botni. Niðurstöðurnar bentu til að skarroll væri fyrstu 2 árin mjög háðar sendnum botni á grunnsævi. Var metið að hvern ferklómetri af sendnum botni á 0-10 m dýpi við vestrúnd Svíþjóðar gæfi af sér 3,7-4,5 milljarða króna (300-360 milljónir SEK) í aflaverðmæti á 55 árum (- 70 milljónir á ári). Séu þessar tölur settar í samhengi gæti 1 km<sup>2</sup> svarað til -10 km af sendinni strönd. Við þverun Gilsfjarðar var áætlað að um 4,4% af sendnum lérnum á Íslandi hefðu lent innan fyllingar4 og farið forgörðum. Ef gert er ráð fyrir að jafnstórt búsvæði skarrolungviðis hafi horfið, gæti það þýtt samsvarandi minnkun í afla tegundarinnar og þar með útflutningsverðmæti upp á 100 milljón krónur á ári.

Mikilvægasti nytjafiskur Íslandna, þorskurinn, elst upp við fjölbreytlegri skilyrði en t.d. skarrollinn þannig að erfiðara er að tengja nýliðun við ákveðin búsvæði. Hér þarf að grípa til varðarnálgunar og haga öllum framkvæmdum þannig að áhrif þeirra verði lág- mörkuð. Eitt prósent minnkun í nýliðun þorsks þýðir um 1 milljarðs samdrátt í útflutningsverðmæti á ári.

um búsvæðum fiskungviðis á grunnsævinu við Ísland á næstu árum er ekki fyrir hendi og af þeim sökum þarf að fara ein varlegar en ella.

Stærkar vísbendingar eru um að verulegur hluti ungvíðis þorsks og fjölmargra annara nytjastofna alist upp inni á fjörðum og flóum hér við land.

Mikilvægt er að menn geri sér grein fyrir því að beinn fjárhagslegur ávinningur er af því að vernda uppeldissvæði nytjafiska.

### Heimildir:

- <sup>1</sup> Bjarni Samundsson, 1968
- <sup>2</sup> Guðrún Marteinisdóttir o.fl., 2000
- <sup>3</sup> Björn Gunnarsson o.fl., 2010
- <sup>4</sup> Agnar Ingólfsson, 2010
- <sup>5</sup> Seitz o.fl., 2014
- <sup>6</sup> Gibson, 1994
- <sup>7</sup> Rúnisdóttir o.fl., 1992
- <sup>8</sup> Juanes, 2007
- <sup>9</sup> Le Page, 2003
- <sup>10</sup> Slá, 2007
- <sup>11</sup> Schmittgen, 1995
- <sup>12</sup> Sustainable fisheries act, 1996
- <sup>13</sup> NOAA, 2017
- <sup>14</sup> Lorentsen o.fl., 2010
- <sup>15</sup> Fiske og Havel, 2016
- <sup>16</sup> Ólafur Karvel Pálsson, 2004

Höfundar eru starfsmenn Hafnannsóknastofnunar.

Innlent



Tölvumyndir/AUDB-Thor Architects

**Framtíðarsýn Höfuðborgarsvæðið myndi eignast nýtt kennileiti yfri brúin yfir Skerjafjörð að veruleika.**

# Myndi tengja miðborgina við Alftanes

● Hægt yrði að sigla smábátum undir Skerjafjarðarbrúna

Kristján H. Johannessen  
khj@mbl.is

„Við hönnun brúarinnar litum við meðal annars til þess að það yrði að vera hægt að sigla smábátum undir hana. Það kom því einna helst tvennt til greina – lyftibrú, sem myndi að vísu hafa leiðinleg áhrif á umferð ökutækja, eða hábrú sem auðvelt yrði að sigla undir,“ segir Guðjón Þór Erlendsson, arkitekt hjá AUDB Architects í Lundúnum.

Visar hann í máli sínu til þess að í haust kláraði AUDB tillögu að blandaðri byggð í uppfyllingum á Lönguskerjum í Skerjafirði með tengingu við Suðurgötu í Reykjavík og Alftanes.



Guðjón Þór Erlendsson

Verkefnið var þróað fyrir hóp alþjóðafjársfesta í Lundúnum og segir Guðjón Þór tillögurnar hafa gert ráð fyrir 8.000 manna byggð sem staðsett yrði á mestu grynnningum Lönguskerja. Var í hönnun gert ráð fyrir þéttri borgarbyggð á fimm eyjum með smábátahöfnum og blandaðri byggð meðfram aðalgötu sem lægi í miðju skipulagsins. „Hagnaðartölur verkefnisins stóðust hins vegar ekki kröfur fjársfesta og því var ákveðið að leggja verkefnið til hliðar,“ segir hann.

## Sér akbrautir fyrir strætó

Guðjón Þór bendir á að þótt áætlaður kostnaður við uppfyllingar og byggingu íbúða á Lönguskerjum virðist ekki fýsilegur kostur á þessum tímamarki sé hins vegar samfélagslegur hagnaður af samgöngutengingu milli Reykjavíkur og Alftanes. Af þessum ástæðum ákvað stofa hans í Lundúnum að



**Samgöngur** Gert er ráð fyrir hjóla- og göngustígum í tillögum hópsins.



birta myndir af hugmyndavinnunni.

„Lagt er til að tvær akreinar verði í hvora átt fyrir almenna umferð ökutækja, sérstakar akreinar fyrir almenningsamgöngur og göngu- og hjólastíga sem myndu framlengja enn frekar stíganet borgarinnar,“ segir Guðjón Þór og

bætir við að Reykjavíkurmegin yrði löng lágbrú en stutt hábrú Alftanesmegin sem leyfir smábátum og seglskútum að sigla undir hana.

„Hæst myndi brúin teygja sig upp í 130 metra hæð og þar sem siglt yrði undir hana væri um 35 metrar upp í brúargólfid.“




# Firðir og flóar – búsvæði þorskungviðis

Höfundar fjalla um útbreiðslu þorskungviðis við Ísland, bera saman við Barentshaf og leiða líkur að því að umtalsverður hluti íslenska þorsstofnsins hafi alist upp á grunnsævi.

Björn Gunnarsson  
Höskuldur Björnsson

Þegar verið er að skoða hugsanleg áhrif framkvæmda á grunnsævi á búsvæði fiskungviðis er mikilvægt að leggja mat á hlutfall nýliða hvernig tegundar sem þar elst upp. Vitað er að sumar tegundir eins og skarkoli og fleiri flatfiskar alast eingöngu upp á grunnslóð og ekkert af ungvíði þeirra kemur fram í togararalli Hafrannsóknastofnunar þar sem aðeins 80 af 590 stöðvum eru á minna en 100 m dýpi, 8 minna en 50 m dýpi og sú grynnsta á 23 m dýpi. Annað dæmi um tegund sem elst eingöngu upp á grunnsævi er ufsi. Smáufsi sést víða við bryggjur en eins árs ufsi sést varla í togararallinu og tveggja ára ufsi lítið. Smáýsa skilar sér hinsvegar í nokkrum mæli í togararallinu við eins árs aldur og þorskur liggur á milli ýsu og ufsa.

Aldursafllagreiningu má nota til að fá fram hugmyndir um hlutdeild grunnslóðar í uppeldissvæði þorsks. Er þá stærð árgangs samkvæmt stofnmæti borin saman við vitistölu sama árgangs í stofnmælingu við eins árs aldur. Ef lína, sem dregin er í gegnum gögnin, sker y-ásinn langt frá núllpunktinum bendir það til að verulegur hluti stofnsins sé á svæði sem stofnmælingin nær ekki yfir. Fyrir þorsk er skurðpunkturinn í sambandi stærðar árgangs og vitistölu eins árs fisks nálægt 70 milljónum nýliða sem er um 50% af meðalárgangi síðustu þriggja ára-



Uppeldi þorsks við í þaraskogi.

Ljósmynd/Erindur Bogason

## Heildarfjöldi eins árs þorsks, ýsu og ufsa

Í togararalli 1985-2017, þúsundir



tuga en hjá ýsu er skurðpunkturinn nálægt núlli.

Stærstu þorskstofnar í Atlantshafinu í dag eru sá íslenski og þorskstofninn í Barentshafi sem er rúmlega þrefalt stærri en sá fyrrnefndi. Á báðum hafsvæðunum fara fram stofnmælingar með botnvörpu snemma árs. Samanburður á lengdarreifingum bendir til að verulega meira, hlutfallslega, sé af smáþorski á landgrunninu í Barentshafinu en við Ísland. Hér ber að hafa í huga að veidarferið sem notað er í Barentshafi veidir smáþorskinn hugsanlega betur. Hinsvegar er metið sjálfrán þorski í Barentshafi jafnan töluvert meira en á rallslóðinni við Ísland<sup>1)</sup>. Það rennir frekari stóðum undir þá kenningu að ungvíðið við Ísland haldi sig að hluta annarsstaðar en fullorðni þorskurinn.

Einu kerfisbundnu rannsóknir Hafrannsóknastofnunar inni á fjörðum og flóum landsins, þar sem þorskungviði kemur við sögu, eru rækjuleiðangrar á grunnslóð sem farið hafa fram í meira en 30 ár á fjörðum norðan- og norðvestanlands. Í rækjuleiðangrunum fæst talsvert af þorski og ýsu en mjög lítið af ufsa. Þessi gögn eru þó



Björn Gunnarsson

Höskuldur Björnsson

þeim anmrörkum háð að flestar stöðvar eru á leirkenndum sléttum botni á 65-130 m dýpi. Rannsóknir fara því ekki fram nema að litlu leyti á svæðum sem hægt er að heimfæra á eiginlegt grunnsævi. Lengdarreifing þorsks úr þessum leiðangrunum sýnir mikinn fjölda þorsks á fyrsta ári rétt eins og í Barentshafi.

Niðurstöður þessara athugana benda til þess að verulegur hluti þorskstofnsins og margra annarra nytjastofna alist upp inni á fjörðum og flóum hér við land. Mikil óvissa er hins vegar um hve stór hluti það er.

Grunnsævið (minna en 50 m dýpi) hér við land er lítt kannað og kortlagt. Flatarmál þess er um 20 þúsund km<sup>2</sup>. Þar af um 5000 km<sup>2</sup> minna en 20 m dýpi sem er að líkindum mikilvægasta búsvæði seðna margra tegunda. Til samanburðar er íslenska landgrunnurinn, á minna en 200 m dýpi, um 120 þúsund km<sup>2</sup>. Stærð heppilegra búsvæða getur verið takmarkandi þáttur í af-rakstri margra fiskistofna<sup>2), 3), 4), 5), 6)</sup> og því er afar brýnt að umfangast þau af varði.

Heimildir:

<sup>1)</sup> Yarağina o.f., 2009

<sup>2)</sup> Seitz o.f., 2014

<sup>3)</sup> Juanes, 2007

<sup>4)</sup> Le Pape, 2003

<sup>5)</sup> Gibson, 1994

<sup>6)</sup> Rijnsdorp o.f., 1992

Höfundar eru starfsmenn Hafrannsóknastofnunar.